

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F100/2021


Reykjavík, 18. maí 2021

Óskar Reykdalsson, forstjóri
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu
Álfabakka 16
109 Reykjavík

Með hjálögðu bréfi 11. maí sl. óskaði ég þess m.a. að landlæknir veitti mér upplýsingar um meðferð og afgreiðslu mála þegar einstaklingur telur sig ranglega hafa fengið boð í bólusetningu með bóluefni frá AztraZeneca (Vaxzevria). Jafnframt var þess óskað að upplýst væri hvaða upplýsingar einstaklingar sem leituðu til heilsugæslunnar í þessu skyni fá um frekari meðferð á beiðni sinni. Í meðfylgjandi svari sóttvarnalæknis, dags. 14. sama mánaðar, kemur fram að rétt sé að beina þessari fyrirspurn til heilsugæsluumdæmanna. Af þessu tilefni er þess óskað, með vísan til 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu veiti upplýsingar er lúta að því sem að ofan var rakið.

Þess er óskað að svör berist eigi síðar en 25. maí nk.

Virðingarfyllst,


Skúli Magnússon